

Alþingi
Erindi nr. P 141/247
komudagur 25.11/012

Frá: Björg Eva Erlendsdóttir
Sent: 25. október 2012 23:31
To: Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Efni: Berist til umhverfisnefndar.

89. mál

Kæru nefndarmenn í umhverfisnefnd Alþingis.

Hér fylgir samkvæmt umtali nýjasta dæmið um mótvægisáðgerðir í Þjórsársveitum. Í þetta skipti er það ljósleiðarlagning um Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Framkvæmd sem aldrei hefði farið af stað ef ekki væri vegna fyrirhugaðra virkjana Þjórsár í byggð. Nú þarf sveitarfélagið að taka yfirdráttarlán meðan beðið er eftir mótvægisfjármagninu frá Landsvirkjun. Þetta minnir á hliðstætt mál um vatnsveitu í Flóahreppi fyrir nokkrum árum.

Sjálfskuldarábyrgð vegna Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.ehf.
Sveitarstjóri sagði frá fyrirsjáanlegri fjárþörf vegna mikilla útgjalda vegna Ljósleiðarlagningar um sveitarfélagið. Hann lagði fram svohljóðandi tillögu : Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepp samþykkir fyrir hönd sveitarfélagsins sjálfskuldarábyrgð vegna fyrirgreiðslu til handa Fjarskiptafélags Skeiða og Gnúpverjahrepps að fjárhæð 20.000.000 kr. Í formi tímabundins yfirdráttar. Innan tíðar er væntanlegt fjárframlag frá Landsvirkjun vegna verkefnisins samkvæmt rammasamkomulagi.

Þetta er tilvitnun úr fundargerð sveitarstjórnar frá því nú í haust, þar má einnig finna deilumál við einkafyrirtæki sem upp koma vegna mótvægisáðgerðanna og sér ekki fyrir endann á.

Það er miður að þrír fulltrúar rammaáætlunar sem kvaddir voru á fund nefndarinnar skuli ekki hafa ekki fengið að hitta þá umhverfisnefndarmenn sem hugsanlega þekkja minnst til málsins og halda að verkefnisstjórn hafi ráðað virkjanakostunum. Svo var ekki því helmingur stjórnarinnar, var settur af áður en starfinu lauk og var með því brotið gegn erindisbréfi stjórnar.

Ennfremur lýsi ég vonbrigðum með á ráðandi frasa samfélagsins, fjölmiðlanna og stjórnmalanna, sem sí og æ eru tuggnir upp um að engin andstaða sé við Þjórsárvirkjanir. Hið rétta er að andstaðan hefur ekki verið mæld og langstærstur hluti allra athugasemda við rammaáætlun snerust einmitt um þær virkjanir. Eina mælda könnunin sem gerð hefur verið er í Flóahreppi þar sem fyrir liggja undirskriftir meirihluta hreppsþúa sem er andvígur virkjun. Hitt eru getgátur á borð við að þeir sem ekki kusu í stjórnarskrármálinu hefðu sagt NEI. Það getur ekki talist faglegt að hundsa athugasemdaferli án rökstuðnings og kalla það pólitik.

Það er einlæg ósk mín að umhverfisnefnd fjalli faglega bæði um þær athugasemdir sem gerðar voru við rammaáætlun og hafi í huga hvernig verklok verkefnisstjórnar bar að í trássi við erindisbréf verkefnisstjórnar sem virtist (áður en hún var sett af), nokkuð einhuga um að biðflokkurinn ætti að vera mun stærri en raun varð á.

Með vinsemd og góðum kveðjum.

Björg Eva Erlendsdóttir, fyrrverandi fulltrúi í verkefnisstjórn um rammaáætlun.